


# FORSTÖÐUMAÐUR FRÍSTUNDASTARFS BARNA OG UNGLINGA Í ÞORLÁKSHÖFN



## Í starfinu felst eftirfarandi:

- Stýra starfi í Frístundaheimili Grunnskólans. Í Frístund er þjónusta fyrir börn í 1. – 4. bekk eftir að skóla lýkur á daginn. Hlutverk frístundaheimilis er að bjóða uppá skapandi umhverfi þar sem starfshættir einkennast af frjálsum leik og skipulögðu starfi.
- Stýra starfi í Félagsmiðstöðinni Svítunni. Í félagsmiðstöðinni er boðið upp á félagsstarf fyrir börn og unglunga á aldrinum 12 – 16 ára í frítíma þeirra. Lögð er áhersla á að ná til sem flestra og bjóða upp á fjölbreytt viðfangsefni.
- Umsjón með Sumarfrístund. Á sumrin er boðið upp á heils- og hálfsdags námskeið fyrir 6 – 9 ára börn þar sem áhersla er lögð á hreyfingu, sköpun og útiveru.

## Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Reynsla af starfi með börnum og/eða unglingum skilyrði.
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum ásamt framúrskarandi samskiptahæfni skilyrði.

Almenn tölvukunnátta skilyrði. Umsækjandi þarf að skila inn sakavottorði í samræmi við reglur Sveitarfélagsins. Laun eru greidd skv. kjarasamningi FOSS eða BHM.

Frekari upplýsingar um starfið veita Ólína Þorleifsdóttir, skólastjóri Grunnskólans í Þorlákshöfn í síma 861-1732, olina@olfus.is og Ragnar Matthías Sigurðsson, íþrótt- og tómstundafulltrúi í síma 863- 9690, ragnar@olfus.is.

Umsóknum skal skilað rafrænt á heimasíðu Ölfuss [www.olfus.is](http://www.olfus.is) fyrir 30. júní 2022.

Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 10. ágúst næstkomandi.

Sveitarfélagið Ölfus er framsækið sveitarfélag og leggur ríka áherslu á góðan starfsanda á vinnustað. Þá er leitast við að auka möguleika starfsfólks til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð eins og kostur er.

Öllum umsóknum verður svarað.

